HAFNARFJÖRÐUR

AÐALSKIPULAG HAFNARFJARÐAR

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar leggur til að Aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2005 - 2025 verði breytt til samræmis við úrskurði óbyggðarnefndar frá 20. júní 2014.

Úrskurðarorð: Landsvæði það sem afmarkað er hér á eftir, þ.e. Arnefjörur Áfhanesrepps hins forna (norðaustanverður hluti Almenningsskóga Álftaness), sem er þjóðlenda í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998, er innan staðarmarka Hafnarfjarðarkaupstaðar.

Frá Húsfelli er dregin lína suðaustur í Þrihnjúka og þaðan í Blálfjallahorn. Frá Blálfjallahorni vestur í Litla-Kóngsfell og þaðan í norðaustur í átt að Stóra-Kóngsfelli þar til norðurmörk Krýsuvíkur skera línuna. Þaðan ráða dæmd norðurmörk Krýsuvíkur þar til komið er að skurðarpunkti við línu sem liggur frá Húsfelli með stefnu yfir Hæstaholt á Dauðadölum. Frá þeim skurðarpunkti er þeirri línu sídan fylgt í áðurnefnt Húsfell.

Landsvæði það sem afmarkað er hér á eftir, þ.e. Skógræktarsvæði norðan Krýsuvíkur en sunnan Garðahrikjulands, sem er þjóðlenda í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998, en ekki afréttur, er innan staðarmarka Hafnarfjarðarkaupstaðar:

Frá Markrakagili í Undirhlíðum er farið norðaustur að Hæstaholti á Dauðadölum. Þaðan er dregin lína til suðurs með því að tekin er stefna af Húsfelli og þeirri stefnu fylgt frá framangreindu Hæstaholti á Dauðadölum að skurðarpunkti við dæmd norðurmörk Krýsuvíkur. Frá þeim skurðarpunkti ráða norðurmörk Krýsuvíkur til vestura að fyrrnefndu Markrakagili í Undirhlíðum.

Landsvæðin, merkt ÓB4, eru samtals 2966ha og eru innan marka vatnsverndarsvæðis merkt VG1 og VF1 og marka Reykjanes- og Blálfjallafólkvangs.
Innan svæðisins er inngangur í hellinn Leiðarenda, sem hefur umtalsvert aðdráttarafl fyrir ferðamenn og umhverfis hann afmarkast 21ha Afþreyingar og ferðamannasvæði merkt AF4. Sú afmörkun er að hluta til innan eldri staðarmarka Hafnarfjarðar.
Á svæðinu gilda ákvæði Reykjanesfólkvangs og svæðisskipulags Höfuðborgarsvæðisins 2015-2040 er varðar vatnsvernd og aðgengi almennings að samfelldu útivistarsvæði ofan borgarbyggðarinnar.

Breyting verður á töflum sbr. bláðsíðu 55 í greinargerð Aðalskipulags Hafnarfjarðar 2013-2025, dags. 19.apríl 2014, sem er tafla 11: Yfirlit yfir afþreyingar og ferðamannasvæði, einnig bls. 60 tafla 16: Yfirlit yfir óbyggð svæði og bls. 63 tafla 20: Yfirlit yfir vatnsverndarsvæði með áorðnum breytingum skv. breytingu á vatnsverndarmörkum innan lögsagnarumdæmis Hafnarfjarðar, sem öðlaðist gildi með birtingu í B-deild stjórnartíðinda þann 7.4.2017

Merking	Heiti	Stærð ha	Lýsing
AF1	Víðistaðatún	0,3	Tjaldsvæði
AF2	Hellisgerði	1,7	Skrúðgarður, leiksvæði/útsýni
AF3	Sæbraut Kópavogs	1,5	Skeiðsvæði við braut, gangstígur
AF4	Leiðarendi	21	Hellisskoðun
	Heildarstærð	**26**	

Tafla 11. Yfirlit yfir afþreyingar- og ferðamannastaði

Merking	Heiti	Stærð ha*	Lýsing
ÓB1	Undirhlíðar/Hafnarfjarðar	80,28	Allt óræktað
ÓB2	Krýsuvík	70	Allt land sem ekki er skilgreint öðrvísi
ÓB3	Gráhellubrúnir	0,32	
ÓB4	Þjóðlendur	39,68	Afmörk Álftaneshrepps hins forna
	Heildarstærð	**140,28**	

Tafla 16. Yfirlit yfir óbyggð svæði

Merking	Heiti	Stærð ha	Lýsing
VG1	Vatnsvernd grannsvæði upplands	1752	Grannsvæði vatnsvænlu
VG2	Vatnsvernd grannsv. Krýsuvík	39	
VF1	Vatnsvernd Fjarsvæði upplands	2371	Fjarsvæði vatnsæðafar
VF2	Vatnsvernd fjærsv. Krýsuvík	107	
	Heildarstærð	**4269**	

Tafla 20. Yfirlit yfir Vatnsverndarsvæði

Eina framkvæmdin sem aðalskipulagsbreyting þessi gerir ráð fyrir er möguleiki á lítilli þjónustubyggingu, að hámarki 50m², við bílastæði við Blálfjallaveg við hellinn Leiðarenda, innan afþreyingar og ferðamannasvæðis AF4, ásamt lagferingu á bílastæðum.
Ekki er gert ráð fyrir að byggingin hafi veruleg áhrif á jarðmyndanir á svæðinu, þar sem hraunið er þegar raskað á því svæði. Ekki er heldur talið að bygging hafi veruleg áhrif á landslag eða ásýnd svæðisins, þar sem hún skal vera láttaus og falla vel að umhverfinu.

Verndarákvæði Reykjanesfólkvangs og svæðisskipulags Höfuðborgarsvæðisins 2015-2040 um vatnsvernd gilda um afþreyingar- og ferðamannasvæðið, sem er innan fjarsvæðis vatnsverndar. Huga þarf að mengunarvörnum við hönnun mannvirkja á svæðinu þannig að markmiðum vatnsverndar verði ekki ógnað. Hellirinn Leiðarendi felur einnig undir 61. gr. laga um náttúruvernd, í flokki jarðminja, sem njóta sérstakrar verndar í samræmi við markmið 3. gr.laganna.

Talið er að áhrif fráveitu verði óveruleg þar sem salerni verða þurrklósett og verður frárennsli þeirra leitt í safntank sem losaður verður eftir þörfum.
Ól frárennslismál verða í samræmi við viðeigandi reglugerðir og mun frárennsli ekki hafa mengun í för með sér.
Vatnsöflun verður með söfnun regnvatns í tanka.

Ekki er talið að framfylgd breytingarinnar hafi veruleg neikvæð umhverfisáhrif, en möguleigt er að jákvæð áhrif verði vegna þjónustubyggingarinnar, þar sem það gefur möguleika á að stýra aðgengi að hellinum Leiðarenda, ásamt því að auðvelda aðgerðir til verndunar og að minnka líkur á frekari skemmdum á hellinum og nánasta umhverfi hans.

SAMÞYKKTIR

Aðalskipulagsbreyting þessi var auglýst samkvæmt 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og var samþykkt í bæjarstjórn Hafnarfjarðar

þann: _____

_____
Bæjarstjórinn í Hafnarfirði

Aðalskipulagsbreyting þessi var staðfest af skipulagsstofnun skv. 32. gr. skipulagslaga nr.123/2010.

þann: _____

_____

_____

Auglýsing um gildistöku breytingarinnar var birt í B-deild stjórnartíðinda þann:_____2020



Skýringar:

- M — Móbar, miðsvæði
- Vþ — Verslunar- og þjónustusvæði
- S — Samfélagsþjónusta
- Í — Íðnaðarsvæði
- AT — Athafnasvæði
- B — Íbúðarsvæði
- H — Hafnarsvæði
- F — Svæði fyrir frístundabyggð
- K — Kirkjugarðar og grafreitir
- Efnistaka- og efnislosunarsvæði
- Þr — Þróttasvæði
- ÓB — Óbyggð svæði
- AF — Afþreyingar- og ferðamannasvæði
- Skipulagi frestað
- SL — Skógræktar og landgræðslusvæði
- OP — Opin svæði
- V — Vötn, ár og sjór
- Frátöst svæði
- ÖN — Önnur náttúruverndarsvæði
- HV — Hverfivernd (hvít yfirstrikun)
- Frátöstar formminjar
- VB — Vatnsbólasvæði
- VG — Vatnsvernd Grannsvæði (vatnsvernd II)
- VF — Vatnsvernd Fjarsvæði (vatnsvernd III)
- Gryggisvæði vegna grunnvatns
- Bráðabirgða þynningarsvæði ár/ers sett af Hollustuvernd ríkisins 1997
- Svæði takmarkaðrar ábyrgðar, greinargerð 2.2.6 lónaðarsvæði bls. 49
- Svefnfélagsmörk
- Stofnbrautir
- Stofnbraut, jarðgöng
- Tengibrautir
- Safngötur, sýndar að hluta v/tenginga
- Mislag gatnamót
- Undirgöng / brú
- Göngu- og hjólaleiðir
- Reiðleiðir
- Útivistarstígar
- R — Háspennulína
- R — Jarðstrengur
- V — Aðveituæð vatnsveitu
- H — Aðveituæð hitaveitu
- F — Frárennsli
- Varnargarðar
- Þéttbýlismörk
- B — Tengivirki
- D — Spennistöð

FYRIR

1:15.000



Að hluta til byggt á gögnum frá Landmælingum Íslands. Leyfi samkv. 31 gr. upplýsingalaga nr. 140/2012 og lögum um landmælingar og grunnkortagerð nr. 103/2006, fyrir gaðlitjaða gögn frá Landmælingum Íslands.

Afmörkun svæðis.

EFTIR

1:15.000

BREYTING Á AÐALSKIPULAGI HAFNARFJARÐAR 2013-2025
ÞJÓÐLENDA INNAN STAÐARMARKA HAFNARFJARÐAR

SKIPULAGS- OG BYGGINGARSVIÐ
HAFNARFJARÐAR
11.12.2019/Lagfært 31.01.2020 skv. aths.
Skiplagsstofnunnar dags. 27.1.2020
ÞORMÓÐUR SVEINSSON